

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



23. nóvember 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 270. mál á 151. löggjafarþingi

Nauðungarsala (frestun nauðungarsölu)

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðarþoli geti óskað eftir því að nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis þar sem hann heldur heimili og hefur lögheimili verði frestað fram yfir 1. desember 2021. Sú tillaga er í fullu samræmi við þær aðgerðir sem Hagsmunasamtök heimilanna hafa lagt áherslu á að skuli grípa til í því skyni að veita heimilunum skjól fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem heimsfaraldur kórónuveiru hefur og mun hafa á efnahagslífið og fjárhagslega stöðu heimilanna á næstunni.

Alls voru 20.252 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok októbermánaðar og 4.759 í minnkuðu starfshlutfalli, eða samtals 25.011 manns, samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Þá hafa þúsundir leitað eftir greiðslufrestunum húsnæðislána hjá bönkunum. Verðbólga hefur aukist frá því að frumvarp þetta var síðast lagt fram og blikur eru á lofti um hagsmuni heimilanna.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lýst því yfir að búast megi við verstu kreppu í hundrað ár, jafnvel verri en þeirri sem gjaldþrot bankanna árið 2008 hafði í för með sér. Enginn treystir sér til að spá um hversu langvarandi þessi kreppa muni verða en ljóst er að ekki munu öll heimili fara vel út úr henni. Frestun greiðslna mun ekki leysa vanda allra þó hún sé mikilvæg sem fyrstu viðbrögð, en við mörgum mun ekkert blasa við nema óvissan ein þegar frestuninni lýkur.

Frumvarp þetta er gríðarlega mikilvægur liður í því að veita heimilunum skjól við þær fordæmalausu efnahagslegu aðstæður sem eru komnar upp. Hagsmunasamtök heimilanna skynja miklar áhyggjur og ótta meðal almennings um afdrif heimilanna á komandi misserum. Frestun á nauðungarsölum myndi senda sterk skilaboð og hughreysta þá sem hafa þessar réttmætu áhyggjur. Samtökin mælast því eindregið til þess að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög nú þegar.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is